

Nr. 33.

20.  
október.

## L ö g

um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur.  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

63. gr. í fátækralögum 10. nóv. 1905 orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærsluveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærsluveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á sem segir í 68. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærsluveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann, samkvæmt 69. gr.; skal framfærsluveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður eigi fluttur. En skylt er framfærsluveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærsluveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærsluveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

H. Hafstein.